



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURNESJA

Sóknaráætlun Suðurnesja - 2016

Árleg greinargerð Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum um
framkvæmd samnings um sóknaráætlun Suðurnesja 2015-2019

Skilafrestur árið 2017 er til 1. febrúar

Efnisyfirlit

<i>Inngangur</i>	2
<i>1. Mat á árangri sóknaráætlunar.....</i>	2
<i>2. Fjárfamlög til samningsins.....</i>	3
<i>3. Samráðsvettvangur</i>	4
<i>4. Áhersluverkefni</i>	4
<i>5. Uppbyggingasjóður</i>	6
<i>6. Hagtölur landshlutans</i>	9
<i>7. Lokaorð</i>	9
<i>8. Undirritun og staðfesting</i>	9
<i>9. Viðauki – leiðbeiningar og skilgreining hugtaka í töflum</i>	10



Inngangur

Þann 10. febrúar 2015 skrifaði Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) undir samning við Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og Mennta- og menningarmálaráðuneytið um Sóknaráætlun Suðurnesja fyrir árin 2015-2019. Markmið sóknaráætlunar er að ráðstafa þeim fjármunum sem ríkið hefur varið í atvinnu-, byggða- og menningarmál á Suðurnesjum í samræmi við stefnu sem landshlutinn mótar sjálfur á þessum sviðum.

Sóknaráætlun á að stuðla að jákvæðari samfélagsþróun, treysta stoðir menningar og auka samkeppnishæfni landshlutans sem og landsins alls. Jafnframt er leitast við að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu opinberra fjármuna.

1. Mat á árangri sóknaráætlunar

Á árinu 2016 var unnið að sjö áhersluverkefnum og styrkir veittir til 35 umsækjanda en heildarupphæð styrkja var alls 45.000.000,-.

Áhersluverkefnin hafa gengið afar vel. Eitt stærsta verkefnið sem unnið var er ímyndar og markaðsverkefni um Suðurnesin. Sveitarfélöginn ákváðu að lokinni skoðunarkönnun sem unnin var í nóvember 2015, að markaðssetja sig saman undir slagorðinu „Reykjanes – við höfum góða sögu að segja“. Íbúar sem lifa og starfa á svæðinu voru fengnir til að leika í myndbönum sem birts hafa á ljósvaka og samfélagsmiðlum. Markmiðið er að fá landsmenn til að hugsa Reykjanesið sem góðan valkost til að búa og njóta, sem og að auka stolt íbúa Suðurnesja. Verkefni samfélaga eru ólík og breytast á milli ára. Í stað þess að atvinnuleysi sé mest á Suðurnesjum eins og verið hefur undanfarin ár, vantar starfsfólk til vinnu nú. Atvinnuleysi mælist nú aðeins 1,4% og vantar sárlega vinnandi hendur á svæðið.

Könnunin sem gerð var í 2015 leiddi hins vegar í ljós að 43% þátttakenda hafi engan áhuga á því að starfa á Reykjanesi og 36% hafi líttinn áhuga. Rannsóknin leiddi auk þess í ljós að ímynd svæðisins var ekki góð og fréttatflutningur af svæðinu neikvæður. Sóknaráætlun Suðurnesja hefur því unnið að því að bæta ímynd svæðisins með því að koma jákvæðum fréttum á framfæri. Gera á könnun í lok nóvember 2016, svo hægt verði að sjá hvort árangur hafi náðst.

S.S.S. fór auk þess í sameiginlega lífskjarakönnun með SSV og SSNV. Sú könnun er í vinnslu þessa daganna og verður áhugavert að sjá samanburð á milli þessara 3 svæða sem eru í eðli sínu mjög ólík. Könnunin er unnin í samstarfi við Háskólanum á Akureyri en Vífill Karlsson leiðir verkefni.

Menntaverkefnin hafa verið leidd af Þekkingarsetri Suðurnesja og hefur það gefist mjög vel. Haldin var starfakynning þann 11. október s.l. Hún tókst afar vel og var afar vel mætt, bæði af nemendum 8. og 10. bekkjar og starfsmönnum fyrirtækja á Suðurnesjum. Alls voru 96 störf kynnt.

Eftir því sem árin líða, öðlast þátttakendur meiri færni í að vinna að markmiðum samningsins. Verkefnið verða sýnilegri og skipta íbúa samfélaganna meira máli. Með því að gera skoðunarkannanir reglulega á samningstíma er auk þess hægt að sjá betur hvort að sá árangur hafi náðst sem stefnt var að í upphafi vegferðar.

2. Fjárfamlög til samningsins

Í þessum kafla koma fram upplýsingar um fjárfamlög til samningsins á árinu og fjárhagsleg umsvif.

- Í töflu 1 eru settar fram sundurliðaðar upplýsingar um heildarfjárhæð fjárfamlaga.
- Í töflu 2 er gerð grein fyrir hvernig framlög skiptast milli áhersluverkefna, uppbyggingarsjóðs, umsýslu samningsins, stofn- og rekstrarverkefna og viðauka, eftir því sem við á.
- Skýringar settar fram í texta, ef þarf.

Sjá útskýringar á töflum 1 og 2 í viðauka með þessu skjali og í excel skjalinnu.

TAFLA 1: HEILDARFJÁRHÆÐ TIL RÁÐSTÖFUNAR 2016

	fjárhæðir í kr.
Framlög ríkisins	77.820.827
Viðaukasamningar	
Framlög sveitarfélaga	7.419.000
Önnur framlög	1.083.680
Flutt frá fyrra ári	0
Vaxtatekjur	232.281
Samtals	86.555.788

TAFLA 2: RÁÐSTÖFUN FJÁRFAMLAGA 2016

	fjárhæðir í kr.
Áhersluverkefni	34.555.788
Uppbyggingarsjóður	34.200.000
Stofn- og rekstrarstyrkir	10.800.000
Viðaukasamningar	0
Umsýsla	7.000.000
Óráðstafað 2016	
Samtals	86.555.788



3. Samráðsvettvangur

Hlutverk og verkefni samráðsvettvangs.

Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum skipaði samráðsvettvang þar sem tryggð var sem breiðust aðkoma sveitarstjórna, stofnana, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra haghafa í landshlutanum. Samráðsvettvanguinn skal koma saman að minnsta kosti árlega og ræða framgang sóknaráætlunar.

Starfssemi samráðsvettvangs á árinu.

Fundað var með samráðsvettvanganum þann 9. júní 2016. Þar voru verkefni ársins kynnt og tekið við ábendingum um það sem betur mætti fara eða tillögum að útfærslum.

Val samráðsvettvangs

Sett var saman tillaga að uppsetningu samráðshóps er byggðar á viðmiðunarreglum um samráðshópa en þær kveða m.a. á um að gæta jafnræðis eftir kyni, búsetu, aldri og lýðræði.

Gert var ráð fyrir að um 30 manns myndi samráðsvettvanginn og var ákveðið að eftirfarandi væri haft í huga við val þátttakenda:

- 1 Sveitarfélögin á Suðurnesjum (5) komi með tillögur um 3-4 einstaklinga frá hverju sveitarfélagi til þátttöku í verkefninu og í framhaldinu af því yrðu 2 af þeim einstaklingum valdir til að taka þátt í fundinum, samtals 10 einstaklingar.
- 2 SSS komi með tillögur að fulltrúum fyrirtækja á Suðurnesjum um 10 einstaklingar.
- 3 SSS komi með tillögur að 10 fulltrúum helstu skóla og stofnana á Suðurnesjum.

Sjá útskýringar á töflu 3 í viðauka með þessu skjali og í excel skjalini.

TAFLA 3: SKIPAN FULLTRÚA Í SAMRÁÐSVETTVANG

Bakgrunnur fulltrúa		Búseta fulltrúa		Aldur fulltrúa		Kyn fulltrúa	
Fulltrúi fyrir	Fjöldi	Sveitarfélag	Fjöldi	Aldursbil	Fjöldi	Karl / Kona	Fjöldi
Atvinnulífið	7	Grindavík	5	< 25 ára	0	Karlar	10
Félagasamtök	2	Reykjanésbær	12	25-39 ára	7	Konur	16
Fræðasamfélag	6	Sandgerðisbær	4	40-60 ára	13		
Kjörnir fulltrúar	8	Svf. Garður	3	> 60 ára	6		
Menningarlífið	0	Svf. Vogar	2				
Opinberar stofnanir	3						
Annað (óflokkað)	0						
Samtals	26	Samtals	26	Samtals	26	Samtals	26

4. Áhersluverkefni

Kjarninn í Sóknaráætlun Suðurnesja 2015-2019 og sú sýn sem vinna skal eftir, eru þær áherslur sem komu fram á fundi Samráðsvettvangs um Sóknaráætlun Suðurnesja sem fundaði í byrjun júní 2015.

Á umræddum fundi mættu 26 aðilar, þar af voru kjörnir fulltrúar 5 eða 19,23% og aðrir haghafar voru 21 eða 80,77%. Hlutfall kynja skiptist þannig að 61,54% voru konur en 38,46% karlar. Sævar Kristinsson frá KPMG stýrði fundinum og var starfsfólk SSS og Heklunnar, atvinnuþróunarfélagi Suðurnesja til ráðgjafar við framsetningu og vinnu stefnunnar. Áhersluverkefni Sóknaráætlun Suðurnesja eru unnin á grunni

Leiðarljósin sem höfð eru til hliðsjónar við gerð Sóknaráætlunar Suðurnesja eru þau sem oftast voru nefnd í svörum þátttakenda á samráðsfundi í júní 2015. Niðurstaða fundarins var að horfa sérstaklega til samvinnu, sjálfbærni og fjölbreytileika. Þessi lykilorð eru leiðarljós við ákvarðanatöku sem byggist á sóknaráætluninni. Sjá útskýringar á töflu 4 í viðauka með þessu skjali og í excel skjalini.



TAFLA 4: ÁHERSLUVERKEFNI 2016

Heiti verkefnis	Framlag (þ.kr.) Sóknaráætlun	Mótframlag	Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
1.1. Tengsl atvinnulífs og skóla	3.500.000		Þekkingarsetur Suðurnesja	Kynna störf á svæðinu og þó nýsköpun sem á sér stað fyrir annars vegar nemendum og hins vegar almenningi. Greina atvinnulífið á svæðinu. Einnig að auka þekkingu nemenda á framtíðarstörfum á Suðurnesjum	Skýrsla um atvinnulífið á Suðurnesju m, starfakynnin g og skapandi smiðja í fullri notkun	2015-2019
3.1 og 4.1 Minnka brottafall úr námi og bjóða upp á mentun í takt við atvinnulífið á svæðinu.	3.418.200		Þekkingarsetur Suðurnesja	Minnka brottafall úr námi og hækka menntunarstig á Suðurnesjum. Auka tengsl nemenda við atvinnulífið á svæðinu og undirbúa þá fyrir störf sem standa til boða á Suðurnesjum. Draga úr atvinnuleysi til lengri tíma.	Skýrsla um brottafall úr námi á Suðurnesju m og skýrsla um stöðu nemenda á Suðurnesju m og samvinnu skóla og atvinnulífs á svæðinu.	2015-2019
2.2 Sameiginleg markaðssáætlun fyrir Suðurnes	13.000.000	1.083.680	Markaðsstofa Suðurnesja og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum	Vinna sameiginlega markaðssáætlun fyrir svæðið og sameina Suðurnes undir einu slagorði	Sameiginleg markaðssáætlun fyrir Suðurnes og skýrsla um hvernig markaðssáætluninni verður fylgt eftir	2015-2019
1.3. Samstarf í ferðaþjónustufyrirtækja á Suðurnesjum	9.000.000		Reykjanes Geopark og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum	Tengja ferðaþjónustuaðila á Suðurnesjum með bætt samstarfsumhverfi að markniði, fjölga gistiñóttum og auka arðsemi greinarinnar.	Samantekt á samstarfsværkefnum, samstarfsaðilum og uppbryggingu áningarstaða	2015-2019
2.1. Jákvað sjálfsmynd	1.000.000		Markaðsstofa Suðurnesja, Reykjanes Geopark og menntastofnanir á Suðurnesjum	Auka stolt og þekkingu Suðurnesjamanna á svæði með samstarfi sveitarfélaga á svæðinu	Námsefni um Suðurnes	2015-2019
3.2. Þjónusta og þekking í ferðaþjónustu	2.000.000		S.S.S., Markaðsstofa Reykjaness og Reykjanes Geopark	Fjölga fagmenntuðum starfsmönnum í ferðaþjónustu og hvetja fyrirtæki til að nýta sér þá freðslu og menntun sem býðst fyrir starfsmenn í ferðaþjónustu	Samantekt á niðurstöðum greininga á atvinnulífi á Suðurnesju m og frambod námskeiða og námsleiða í ferðaþjónustu	2015-2016
4.2 Uppbygging mannaðs á Suðurnesjum	2.637.588		Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum	Uppbygging mannaðs á Suðurnesjum	Stefna um fjólskylduvænt samfélag á Suðurnesju m, greining á hag fjólskyldufólks og kynningarrefni um vistvænar samgöngur	2015-2019



5. Uppbyggingasjóður

Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum skipaði sjö fulltrúa í úthlutunarnefnd Uppbyggingasjóðs. Nefndin er skipuð þrem (3) konum og fjórum (4) körlum. Kjörnir fulltrúar (aðal- og varamenn) eru fjórir (4) fulltrúar.

Auglýst var í staðarblöðnum, Víkurfréttum, auk þess var auglýsingaborði á vef Víkurfréttu uppi allan umsóknarfrestinn. Auglýst var á heimasíðum og samfélagsmiðlum sem Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum og Atvinnuþróunarfélagið Heklan hafa yfir að ráða og á heimasíðum sveitarfélaganna fimm á Suðurnesjum.

Nefndarmenn fengu aðgang að skjalavistunarkerfi SSS þar sem þeir gátu lesið umsóknirnar og nálgast önnur gögn sem tilheyru úthlutuninni. Úthlutunarnefnd kom síðan saman á tvo vinnufundi. Fundirnir stóðu yfir í 8 klukkustundir samtals.

Umsóknir sem bárust voru 63 samtals og skiptust í þrjá flokka, nýsköpun og þróun, menning og listir og stofnkostnaður til menningarmála. Styrkbeiðnir voru rúmlega 127 milljónir króna. Úthlutaðar voru 45.000.000 til 35 verkefna. Sextán verkefnanna tilheyra menningu og listum, 13 eru nýsköpunar- og þróunarverkefni og 6 verkefnanna flokkast undir stofn- og rekstur.

Dæmi um fyrirmynnarverkefni:

Stemmarninn. Umsækjandi: Stemmarinn ehf. Verkefnastjóri: Rúnar Dór Danielsson.

Verkefnið lýtur að smíðum afstemmingarhugbúnaðar sem sparar tíma við bókhaldsvinnslu hjá fyrirtækjum og um leið skilar áreiðanlegri niðurstöðu afstemmingarinnar. Tækifæri voru til staðar að færa afstemmingarvinnu inn í nútímann og nýta tæknina til þess að hafa ferlið sjálfvirkara. Forritið er þegar komið í notkun og eru forsvarsmenn verkefnisins í samningaviðræðum við alþjóðlegt fyrirtæki um samstarf. Verkefnið hlaut styrk að upphæð kr. 1.000.000,-

FlutningsVaki – Sjálfvirkt Gæðaeftirlit – Umsækjandi: Tæknifræðinám Keilis. Verkefnastjóri: Andri Þorláksson.

Verkefnið snýr að hönnun og þróun á nýjum sjálfvirkum búnaði sem skrásetur hvar, hvenær og hverskonar meðhöndlun og álagi varningur í flutningi verður fyrir. Með auknu og betra gæðaeftirliti í flutningi er hægt að koma í veg fyrir fjárhagslegt tjón. Verkefnið hlaut styrk að upphæð kr. 2.000.000,-

Sýnileiki UNESCO á Reykjanesi – Umsækjandi Reykjanes Geopark. Verkefnastjóri: Eggert Sólberg Jónsson.

Reykjanes UNESCO Global Geopark hefur fengið leyfi til að nota merki UNESCO í markaðssetning á svæðinu. Verkefnið gengur út á að auka sýnileika þessa merkis gagnvart aðilum í ferðaþjónustu, almenning á Suðurnesjum og ferðamönnum. Verkefnið hlaut styrk að upphæð kr. 2.000.000,-

Nexis heilsueflingarkerfi (heilsugátt) – Umsækjandi: Nexis ehf. Verkefnastjóri: Jóhann Friðrik Friðriksson.

Verkefnið snýr að markaðssetningu heilsueflingarkerfis fyrir fyrirtæki og stofnanir á Íslandi ásamt tengri þjónustu. Verkefnið byggir á fjölpjóðlegu samstarfi sérfræðinga á sviði lýðheilsu, sem hafa það að markmiði að efla heilbrigði meðal almennings. Verkefnið hlaut styrk að upphæð kr. 2.000.000,-

GrasPro – Umsækjandi: Pitch ehf. Verkefnastjóri: Einar Friðrik Brynjarsson.

Verkefnið lýtur að afmörkuðum þætti í viðhaldskerfinu GrasPro. Um er að ræða nokkuð stóran þátt sem lýtur að viðhaldi gervigrasvalla. Mun uppfærslan opna möguleika á mun stærri markaði ásamt að uppfylla kröfur þess markaðar sem nú þegar er stefnt inná. Graspro er hannað fyrir viðhald á grasvöllum þar sem gert er ráð fyrir öllum viðhaldsaðgerðum sem framkvæmdar eru á grasvöllum. Verkefnið hlaut styrk að fjárhæð kr. 1.500.000,-



TAFLA 5: UPPLÝSINGAR UM UMSÓKNIR / STYRKI 2016

Umsóknir	
Fjöldi umsókna	63
Heildarfjárhæð sem sótt var um	127.220.778 kr.
Veittir styrkir	
Fjöldi styrkja	35
Árangurshlutfall umsókna	2
Heildarupphæð styrkja	45.000.000 kr.
Heildarupphæð mótfamlaga	201.029.096 kr.
Fjöldi styrkja undir 500 þús.	2
Fjöldi styrkja milli 500 þús til 2,5 m.kr.	32
Fjöldi styrkja hærri en 2,5 m.kr.	1
Áætlaður fjöldi ársverka	301
Fjöldi lokinna verkefna 2015-2019	22
Fjöldi verkefna í vinnslu 2015-2019	1
Fjöldi verkefna sem ekki eru hafin 2015-2019	1
Fjöldi verkefna sem hætt var við 2015-2019	1

TAFLA 6: KYN UMSÆKJENDA / STYRKPEGA

Umsóknir	Karlar	Konur	Samtals
Fjöldi umsókna	33	30	63
Fjöldi umsókna (%)	52%	48%	
Meðalupphæð umsókna			
Meðalupphæð styrkja	2.094	1.900	
Veittir styrkir			
Fjöldi umsókna	19	16	35
Fjöldi styrkja (%)	54%	46%	
Meðalupphæð styrkja	1.400	1.100	

TAFLA 7: KYNGREIND ÁHRIF STARFA SEM ÆTLAÐ ER AÐ SKAPIST Á VERKEFNATÍMA

Umsóknir	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
Fjöldi umsókna			53			53
Fjöldi umsókna (%)			100%			
Meðalfjárhæð umsókna			1800			
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja			30			30
Fjöldi styrkja (%)			100%			
Meðalfjárhæð styrkja			1400			



TAFLA 8: ATVINNUGREINAFLOKKUN UMSÓKNA OG STYRKJA

Atvinnugreinaflokkun	Fjöldi	Meðalfjárhæð
Umsóknir		
91 Starfsemi safna og önnur menningarstar	10	2.500 kr.
90 Skapandi listir og afþreying	21	1.300 kr.
85 Fræðslustarfsemi	5	2.400 kr.
72 Vísindarannsóknir og þróunarstarf	17	2.100 kr.
62 Þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatæk	6	2.200 kr.
59 Framleiðsla á kvíkmyndum, myndböndu	2	1.500 kr.
43 Sérhæfð byggingarstarfsemi	2	4.500 kr.
Samtals	63	
Veittir styrkir		
91 Starfsemi safna og önnur menningarstar	7	2.900 kr.
90 Skapandi listir og afþreying	12	1.500 kr.
85 Fræðslustarfsemi	3	3.300 kr.
72 Vísindarannsóknir og þróunarstarf	6	2.100 kr.
62 Þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatæk	4	2.500 kr.
59 Framleiðsla á kvíkmyndum, myndböndu	2	1.500 kr.
43 Sérhæfð byggingarstarfsemi	1	6.000 kr.
Samtals	35	



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURNESJA

6. Hagtölur landshlutans

Í þessum kafla er gerð grein fyrir nokkrum hagtölum landshlutans. Upplýsingar settar fram í töflu 9. Sjá útskýringar í viðauka og í excel skjalinu.

TAFLA 9: HAGTÖLUR LANDSHLUTANS

Fjöldi sveitarfélaga	5
Heildarfjöldi íbúa	23.820
Fjöldi kvk	11.380
Fjöldi kk	12.440
Ferkílómetrar	818

7. Lokaorð

Verkefnin sem unnin hafa verið á árinu 2016 hafa gengið afar vel. Þau hafa verið sýnileg og samstarf á milli aðila gengið vonum framan. Sá áfangi náðist að fá 4 einkafyrirtæki til að leggja fjármuni inn í Sóknaráætlunar verkefni, til að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum, þ.e. að bæta ímynd svæðisins.

Á árinu 2017 verður unnið áfram með verkefnin og næstu skref tekin. Það er mat þeirra sem koma að samningum að með hverju árinu sem líður, verður til þekking og færni sem mun að lokum leiða okkur áfram á áfangastað.

8. Undirritun og staðfesting

Hér með er þessi greingargerð lögð fram og staðfest að allar upplýsingar eru gefnar af bestu vitund um nákvæmni, áreiðanleika og réttmæti.

Raykjanesbær 18. janúar 2017
[Staður], [dagsetning]

Berglind Kristinsdóttir
Berglind Kristinsdóttir, framkvæmdst.

Kolbrún Jóna Þórssdóttir
Kolbrún Jóna Þórssdóttir, formaður



9. Viðauki – leiðbeiningar og skilgreining hugtaka í töflum

Tafla 1. Heildarupphæð samnings

Framlög ríkisins: Heildarframlög ríkisins til samningsins (grunnframlög frá ANR og MMR).

Viðaukasamningar: Framlög sem koma sem viðaukar við samninginn, ef við á.

Framlög sveitarfélaga: Heildarframlög sveitarfélaga til samningsins.

Önnur framlög: Önnur framlög til samningsins, ef við á.

Flutt frá fyrra ári: Fjármunir sem ekki var ráðstafað árið 2015 (þ.m.t. styrkir sem féluru niður) og flutt yfir á árið 2016, ef við á.

Vaxtatekjur: Vaxtartekjur fjármuna samningsins árið 2016 (sbr. ákvæði samningsins).

Heildarupphæð: Samtala ofangreindra upplýsinga. Þessi tala á að vera sú sama og samtalan í töflu 2.

Tafla 2. Ráðstöfun fjárframлага 2016

Áhersluverkefni: Heildarupphæð sem ráðstafað var til áhersluverkefna.

Uppbyggingarsjóður: Heildarupphæð sem ráðstafað var til uppbyggingarsjóðs.

Stofn- og rekstrarstyrkir: Heildarupphæð sem ráðstafað var til stofn- og rekstrarverkefna, ef við á.

Viðaukasamningar: Heildarupphæð viðaukasamninga, ef við á.

Umsýsla: Heildarupphæð sem ráðstafað var í umsýslu með samningnum.

Óráðstafað 2016: Heildarupphæð sem ekki var ráðstafað árið 2016, ef við á. Stefnt skal að því að ráðstafa öllu framlagi hvers ár innan ársins.

Samtalan í töflu 2 á að vera sama samtalan í töflu 1.

Tafla 3. Samráðsvettvangur

Bakgrunnur fulltrúa: Fjöldi fulltrúa úr hverjum "geira". Hver einstaklingur aðeins talinn einu sinni. „Kjörnir fulltrúar“ eru þeir sem eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórnum.

Búseta fulltrúa: Fylla skal út í línumnar með heitum allra sveitarfélaga í landshlutanum og fjölda fulltrúa frá hverju þeirra, hvort sem sveitarfélagið á fulltrúa í samráðsvettvangu eður ei.

Aldur fulltrúa: Fjöldi fulltrúa sem er yngri en 25 ára, fjöldi sem eru á bilinu 25-39 ára, fjöldi sem eru á bilinu 40-60 ára og fjöldi sem eru eldri en 60 ára.

Kyn fulltrúa: Heildarfjöldi karla annars vegar og heildarfjöldi kvenna hins vegar.

Samtölurnar í öllum dálkum töflu 3 eiga að vera þær sömu.

Tafla 4. Áhersluverkefni

Heiti verkefnis: Þarf nást ekki skýringa.

Framlag úr sóknaráætlun: Þarf nást ekki skýringa.

Mótframlag: Heildarmótframlag til verkefnisins á árinu, ef við á. Athugið að hér er eingöngu átt við fjármuni, ekki vinnumframlag.

Framkvæmdaraðili: Þarf nást ekki skýringa.

Markmið: Stutt og hnitið. Ein til þjár setningar um markmið verkefnis.

Lokaafurð: Hver er (áætluð) lokaafurð (árangur) verkefnis. Ekki meira en ein stutt setning.

Verkefnatími: Hvenær hófst verkefnið og hvenær eru áætluð verklok / hvenær lauk verkefninu.

Tafla 5. Umsóknir / styrkir

Tafla 5 er tvískipt. Annars vegar er beðið um upplýsingar um umsóknir og hins vegar er beðið um upplýsingar um styrkúthlutanir.

Fjöldi umsókna: Heildarfjöldi umsókna í uppbyggingarsjóð á árinu.

Heildarupphæð sem sótt var um: Samanlögð upphæð allra umsókna á árinu.

Fjöldi styrkja: Heildarfjöldi styrkja úr uppbyggingasjóði á árinu.

Árangurshlutfall umsókna: Heildarfjöldi styrkja deilt með heildarfjölda umsókna.

Heildarupphæð styrkja: Heildarupphæð sem úthlutað var úr uppbyggingarsjóði á árinu.

Heildarupphæð mótfamlaga: Heildarupphæð mótfamlaga samkvæmt samningum við styrkhafa.

Fjöldi verkefna undir 500 þús.: Þarfnað ekki skýringar.

Fjöldi verkefna milli 500 þús til 2,5 m.kr.: Þarfnað ekki skýringar.

Fjöldi verkefna hærri en 2,5 m.kr.: Þarfnað ekki skýringar.

Áætlaður fjöldi ársverka: Umsækjandi þarf að láta landshlutasamtökunum þessar upplýsingar í té. Eingöngu er átt við störf sem skapast á verkefnatímanum og greitt er fyrir, hvort heldur sem er með styrknum sjálfum eða með mótfamlagi. Eitt ársverk eru 2.080 klukkutímar eða 12 x 173,3 klst (mannmánuður). Ef vinnuframlag í einu verkefni eru tveir mannmánuðir þá er áætlaður fjöldi ársverka 0,17 (þ.e. 173,3 x 2 = 346,7 klst. deilt með 2080 = 0,17), ef vinnuframlagið er hálftr ár, þá er það hálftr ársverk (2080/2 = 1040 klst. deilt með 2080 klst. = 0,5).

Fjöldi lokinna verkefna 2015-2019: Fjöldi verkefna sem hlotið hafa styrk (2015-2019) og er lokið er með fullnægjandi hætti fyrir áramót 2016.

Fjöldi verkefna í vinnslu 2015-2019: Fjöldi verkefna sem hlotið hafa styrk 2015-2019) og eru í vinnslu um áramót.

Fjöldi verkefna sem ekki eru hafin 2015-2019: Fjöldi verkefna sem hlotið hafa styrk (2015-2019) en vinna við þau er ekki hafin.

Fjöldi verkefna sem hætt var við 2015-2019: Fjöldi verkefna sem hlotið hafa styrk (2015-2019) en hætt hefur verið við og styrkveiting afturkölluð.

Tafla 6. Kyn umsækjenda / styrkhafa

Kyn umsækjenda / styrkhafa er flokkað eftir kyni forsvarsmanns umsóknar/verkefnisstjóra. Þetta á einnig við um opinbera aðila.

Tafla 7. Kyngreining starfa sem skapast

Ef umsækjandi áætlaðar að verkefnið hafi í för með sér starfasköpun á verkefnatímanum þá þarf hann að áætla hvort það séu kynbundin störf eða ekki. Hér er beðið um upplýsingar um hvort verkefni sem að áætlað er að skapi störf á verkefnatímanum séu nær eingöngu karlastörf, fleiri karlastörf en kvennastörf o.s.frv. Hér er ekki beðið um fjölda ársverka.

Hér er átt við upplýsingar úr samningum (ef breyting er frá umsókn).

Athugið að upplýsingar í þessari töflu geta ekki verið annað en matskenndar og huglægar.

Tafla 8. Atvinnugreinaflokkun

Tafla 8 er tvískipt. Annars vegar er beðið um upplýsingar tengdum umsóknum og hins vegar er beðið um upplýsingar tengdum styrkúthlutunum

Nota ISAT 2008 flokkunina og greina niður á two tölustafi – sjá flettilista í dálki A í excel skjalini.

Tafla 9. Hagtölur landshlutans

Í töflu 9 er beðið um nokkrar hagtölur fyrir landshlutann.

Fjöldi sveitarfélaga á svæðinu: Fjöldi sveitarfélaga innan landshlutans.

Heildarfjöldi íbúa: Fjöldi íbúa í landshlutananum í janúar 2016.

Fjöldi kvk: Fjöldi kvenna í janúar 2016.

Fjöldi kk: Fjöldi karla í janúar 2016.

Ferkílómetrar: Stærð landshlutans í ferkílómetrum.